

# Lög Sjálfstæðisfélags Kópavogs

## I. kafli.

### Nafn og tilgangur

#### 1. gr.

Félagið heitir Sjálfstæðisfélag Kópavogs og er almennt félag sjálfstæðisfólks sem býr í Kópavogi.

#### 2. gr.

Markmið félagsins er að styðja og styrkja Sjálfstæðisflokkinn og þau grunngildi sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir, í Kópavogi sem og annars staðar og vinna þeim brautargengi.

## II. kafli.

### Meðlimir

#### 3. gr.

Félagar geta allir Kópavogsbúar orðið sem hafa náð 15 ára aldri og eru ekki flokksbundnir í öðrum stjórn mála flokkum á Íslandi.

#### 4. gr.

Hver sem óskar inngöngu í félagið skal skrá rafrænt á vef Sjálfstæðisflokksins eða senda inn skriflega umsókn á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á vef flokksins.

#### 5. gr.

Einungis fullgildir meðlimir Sjálfstæðisfélags Kópavogs sem greitt hafa félagsgjöld geta valist til trúnaðarstarfa fyrir félagið í stjórnir, ráð, nefndir, í fulltrúaráð flokksins, eiga rétt á setu á landsfundi og að gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Leita skal staðfestingar hjá stjórn Sjálfstæðisfélags Kópavogs um skuldleysi viðkomandi við félagið.

#### 6. gr.

Stjórnin getur vikið úr félaginu hverjum þeim, sem að álitum hennar brýtur lög félagsins eða vinnur gegn stefnu þess, en skjóta má ákvörðun stjórnarinnar til félagsfundar. Til samþykktar slíkri brottvikningu þarf a.m.k. 2/3 greiddra atkvæða.

## III. kafli.

### Stjórn félagsins og starfsemi.

#### 7. gr.

Málefni félagsins annast stjórn, félagsfundir og nefndir þær sem stjórnin kys sér til aðstoðar.

#### 8. gr.

Stjórn félagsins skipa 9 félagar, auk 6 varamanna. Stjórnin skal kosin þannig: Fyrst skal kjósa formann, síðan skulu hinir átta stjórnarmenn kosnir samtímis. Því næst skulu kosnir 6 varastjórnendur á sama

hátt. Loks skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda.

#### **9. gr.**

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en í febrúar ár hvert. Til hans skal boðað með minnst sjö daga fyrirvara.

#### **Verkefni aðalfundar eru:**

- a. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
- b. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
- c. Ákvörðun árgjalds.
- d. Lagabreytingar.
- e. Kosning formanns, stjórnar og skoðunarmanna skv. 8. gr.
- f. Kosning fulltrúa í fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi.
- g. Kosning fulltrúa í kjördæmisráð Suðvesturkjördæmis.
- h. Önnur mál

#### **10. gr.**

Aðrir fundir skulu haldnir svo oft sem þurfa þykir og skal stjórn félagsins kappkosta að rækja að öðru leyti hvers konar starfsemi, sem eflir félagið og styrkir málstað þess.

Fund skal halda ef minnst 20 félagsmenn krefjast þess skriflega til stjórnarinnar. Fundi félagsins skal boða eins vel og kostur er á.

### **IV. kafli.**

#### **Árgjald og reikningstímabil**

#### **11. gr.**

Árgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi ár hvert vegna komandi árs. Innheimta félagsgjalda skal vera hafin eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

#### **12. gr.**

Reikningstímabil félagsins er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

### **V. kafli.**

#### **Lagabreytingar, gildistaka o. fl.**

#### **13. gr.**

Lög þessi eru samin með hliðsjón af skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins og gilda ákvæði þeirra um Sjálfstæðisfélag Kópavogs eftir því sem við á.

#### **14. gr.**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf a.m.k. 2/3 atkvæða fundarmanna til að breytingin nái fram að ganga, enda hafi lagabreytinga verið getið í fundarboði.

#### **15. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.